

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Gunnar Páll Pálsson
Kt. 0510617999
Dags. 20.5.2025 15:06:01
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Stefán Karl Segatta
Kt. 3108694309
Dags. 22.5.2025 22:36:37
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Prúður Maren Einarsdóttir
Kt. 1607864429
Dags. 21.5.2025 23:08:38
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Stefán Gunnar Jóhannsson
Kt. 2112902349
Dags. 25.5.2025 20:39:47
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigríður Soffía Sigurðardóttir
Kt. 1909792969
Dags. 22.5.2025 06:58:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
María Sólbergdóttir
Kt. 2501633479
Dags. 22.5.2025 17:36:43
Ástæða: Undirritun

FLM - Félag lykilmanna

Ársreikningur 2024

FLM - Félag lykilmanna
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

Kt.: 530412-0750

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

FLM er stéttarfélag stjórnenda og sérfræðinga og er markmið þess að styrkja stöðu félagsmanna á almennum vinnumarkaði og stuðla að tekjuöryggi þeirra. Félagið var stofnað þann 21. mars árið 2012 og var ákveðið á stofnfundi að einbeita sér fyrstu árin að uppbyggingu sjúkrasjóðs fyrir félagsmenn og öflun félagsmanna. Félagið hefur gert samning við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um váttryggingar en með samningnum ber Sjóvá alla áhættu af greiðslu bóta úr sjúkrasjóði Félags lykilmanna. Í ágúst 2021 var gerður kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins. Í september 2018 var gerður kjarasamningur á milli Félags lykilmanna og Félags atvinnurekenda.

Fyrsti greiðandi félagsmaðurinn gekk til liðs við félagið í júní 2012. Fjöldi gildra félagsmanna í upphafi ársins 2024 var 2.041 og í lok ársins var fjöldi gildra félagsmanna 2.231. Meðalaldur félagsmanna var 45,4 ár.

Heildartekjur félagsins á árinu 2024 námu 368,2 m.kr. í samanburði við 312,6 m.kr. á árinu 2023. Rekstrarafkoma ársins á árinu 2024 nam 103,6 m.kr. í samanburði við 106,0 m.kr. árið 2023.

Eignir félagsins í árslok námu 430,9 m.kr. og námu skuldir 61,2 m.kr. Eigið fé félagsins í árslok 2024 nam 369,7 m.kr. en nam 266,2 m.kr. í árslok 2023.

Á árinu störfuðu tveir starfsmenn hjá félaginu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar félagsins að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Stjórn Félags lykilmanna staðfestir hér með ársreikning félagsins 2024 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2025

Stjórn:

Gunnar Páll Pálsson
stjórnarformaður

María Sólbergdóttir

Stefán Gunnar Jóhannsson

Stefán Karl Segatta

Þrúður Maren Einarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Félags lykilmanna.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Félags lykilmanna („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 20. maí 2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		17.485.371	14.899.452
Sjúkrasjóðsiðgjöld		350.706.542	297.732.930
Tekjur samtals		368.191.913	312.632.382
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna félagsmanna			
Vátryggingariðgjöld		222.708.607	155.797.622
Framlög og styrkir		2.896.540	2.650.760
Sérfræðiþjónusta vegna kjaramála		1.359.040	720.000
		226.964.187	159.168.382
Annar rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	2	33.216.537	30.019.027
Annar rekstrarkostnaður		23.647.730	26.173.880
		56.864.267	56.192.907
Rekstrargjöld samtals		283.828.454	215.361.289
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða		84.363.459	97.271.093
Fjármagnstekjur og fjármunagjöld			
Vaxtatekjur		10.751.398	6.221.478
Tekjur af verðbréfum		2.693.575	664.369
Matsbreyting verðbréfa		11.152.645	3.351.941
Fjármagnstekjuskattur	5	(5.403.557)	(1.529.041)
		19.194.061	8.708.747
Rekstrarafkoma ársins		103.557.520	105.979.840

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Óinnheimtar tekjur		35.476.778	32.805.324
Verðbréf	3	182.195.539	94.469.034
Handbært fé		213.208.183	150.331.651
Veltufjármunir samtals		430.880.500	277.606.009
Eignir samtals		430.880.500	277.606.009
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		369.713.405	266.155.885
Eigið fé samtals	4	369.713.405	266.155.885
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		53.480.133	7.202.363
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	5	2.453.582	0
Aðrar skammtímaskuldir	6	5.233.380	4.247.761
Skammtímaskuldir samtals		61.167.095	11.450.124
Skuldir samtals		61.167.095	11.450.124
Eigið fé og skuldir samtals		430.880.500	277.606.009

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins		103.557.520	105.979.840
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur		2.453.582	0
	Veltufé frá rekstri	106.011.102	105.979.840
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun)	(2.671.454)	(6.546.025)	
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	47.263.389	(20.966.163)	
	Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	44.591.935	(27.512.188)
	Handbært fé frá rekstri	150.603.037	78.467.652
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréfaeign, breyting	(87.726.505)	(3.763.586)	
	Fjárfestingarhreyfingar	(87.726.505)	(3.763.586)
Hækkun á handbæru fé		62.876.532	74.704.066
Handbært fé í ársbyrjun		150.331.651	75.627.585
Handbært fé í árslok		213.208.183	150.331.651

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Félags lykilmanna fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að markaðsverðbréf eru færð á gangvirði, þ.e. á skráðu markaðsverði í árslok. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

b. Skráning tekna

Iðgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

e. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnvirði.

f. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

g. Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu félagsins eru verðbréf sem eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

h. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	22.893.818	20.365.314
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	4.244.450	3.692.000
Áfallið orlof	340.198	875.275
Launatengd gjöld	5.738.071	5.086.438
	<u>33.216.537</u>	<u>30.019.027</u>

3. Verðbréfaeign

Verðbréf greinast þannig:

Hlutdeildarskírteini	59.652.110	30.278.469
Innlend skuldabréf	101.801.929	45.672.879
Sjóðir, innlán og skuldabréf	4.119.859	5.357.668
Innlend skráð hlutabréf	16.621.641	13.160.018
	<u>182.195.539</u>	<u>94.469.034</u>

Skýringar

4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

	2024	2023
Yfirfært frá fyrra ári samkvæmt ársreikningi	266.155.885	160.176.045
Rekstrarniðurstaða ársins	103.557.520	105.979.840
Eigið fé í árslok	369.713.405	266.155.885

5. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

Reiknaður fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	0	0
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(2.949.975)	(1.529.041)
Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts	5.403.557	1.529.041
Staða í árslok	2.453.582	0

6. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir greinast þannig:

Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.622.714	1.977.293
Áfallið orlof	2.610.666	2.270.468
Staða í árslok	5.233.380	4.247.761

7. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningur félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningur og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um skrifstofuhúsnæðið er ótímabundinn með 3 mánaða uppsagnafresti. Leigusamningurinn er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Rekstrarleigugjöld námu 1,9 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 1,8 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar.